

Endurnýjun á gömlu og slitnu gólfi

Bona Refresher er sérstök blanda byggð á vatnsbaseruðu lakki sem ætluð er á öll lökkuð gólf sem orðin eru rispuð, mött og lúin. Refresher frískar upp á útlit gólfsins, eykur gljáann og endurheimtir fyrri glæsileika. Blandan kemur í handhægum 1 lítra umbúðum og er tilbúin til notkunar.



Hver erum við?

Gólfefnaval ehf. er fjölskyldu fyrirtæki sem var stofnað árið 1998. Fyrirtækið sérhæfir sig í sölu gólfefna og viðhaldsefna fyrir allar tegundir gólfefna. Það hefur ávallt verið stefna fyrirtækisins að bjóða upp á hágæða vöru og hátt þjónustustig á sanngjörnu verði. Fyrirtækið hefur til sölu auk ræstingarvara frá Bona, mikla reynslu í sölu gólfakka fyrir parket. Þá býður fyrirtækið upp á vinnu við parketslípun í samvinnu við félag íslenskra parketmanna með efnunum frá Bona. Helstu birgjar okkar eru:

Armstrong DLW: Gólfdukar & veggefni

Berg & Berg: Parket

Bona: Lökk, olíur og viðhaldsefni fyrir parket.

Desso: Teppaflísar

F.Ball: Grunnar, spartl, lím & fylgiefni

Polyflor: Vinylgólfefni, flísar & veggefni

Karelia: Íþróttagólf



Gólfefnaval ehf

Vatnagarðar 14
104 Reykjavík
Sími: 517 8000
Fax: 517 8008

www.golfefnaval.is

Gólfefnaval

Bona spreymoppa

Nútímaleg þrif sem auðvelda þér að viðhalda fallegu gólfefni um langa tíð!



Bona[®]

Bona Spreymoppan



Bona spreymoppa er mjög auðveld í notkun og er ætluð til að auðvelda öll þrif á gólum og gera þau ánægjulegri. Hún er ávallt tilbúin, ekki þarf lengur að blanda sápu eða standa í vatnsburði. Með spreymoppunni tryggir þú ávallt lítið magn af vatni á yfirborði gólfsins.

Með Bona spreymoppunni kemur spreymoppa sjálf, festiplata með frönskum rennilás til að festa moppuna á, 0,85 ltr tankur með tilbúinni sápu á gólfíð og blá örtrefjamoppa sem þvo má allt að 300 sinnum í þvottavél.

Bona viðarhreinirinn er sérstaklega blönduð sápa sem ætluð er fyrir viðargólf en má einnig nota á önnur gólfefni s.s. plastparket, flísar, dúka og kork. Hún gerir dagleg þrif auðveld án þess að skemma viðinn eða þá yfirborðsmeðhöndlun sem gólfefnið hefur fengið.

Þessi sérstaka blanda hvorki mattar gólf, né skilur eftir húð, rendur eða för á gólfinu eins og oft vill gerast þegar notuð er of sterk sápa. Hún hreinsar gólfíð á áhrifaríkan hátt og skilar því hreinu og fallegu.

Leiðbeiningar um notkun:

1. Áður en Bona spreymoppa er notuð skal ryksuga, rykmoppa eða sópa gólfíð til að fjarlægja öll yfirborðsóhreinindi
2. Bleytið bláu örtrefjamoppuna aðeins undir krana og vindið þannig að hún verði aðeins rök.
3. Setjið örtrefjahlútinn á Bona spreymoppuna spreyið létt og strjúkið yfir flötin sem spreyað var á.
4. Gæti þess ávallt að vinna með hreina örtrefjamoppu. Eftir notkun skolið hana þá vel og metið hvort setja þurfi hana í þvottavél.

Fyrir mjög óhreina bletti eða skóför spreyið beint á þau svæði, hinkið 2-3 mínútur og þurrkið yfir með moppunni. Viðarhreinirinn má nota eins oft og óskað er.

Við þrif á olúbornu gólfi er Bona Wood Floor Cleaner notaður við dagleg þrif en 1 sinni í mánuði skal einnig þvo yfir gólfíð með Bona Oil Cleaner til að viðhalda olíunni í gólfinu.

Pakkningar á viðarhreininum: Kemur í 1 lítra úðabrúsa, 0,85 lítra brúsa fyrir spreymoppu og í 4 lítra áfyllingarbrúsa.



Bona moppurnar



Bona örtrefjamoppa dregur í sig raka og ryk og skilur gólfíð eftir tandurhreint. Moppa er fest á Bona moppustöngina með frönskum rennilás sem er á festiplötunni. Moppa skal vera rök þegar hún er notuð með Bona hreinsiefnum. Óhreinindi festast auðveldlega í örtrefjapræðunum. Örtrefjapræðirnir smjúga vel ofan í allar rispur og misfellur á gólfinu og skilar því hreina en hefðbundnar moppur gera. Þvo má bláu Bona örtrefjamoppuna allt að 300 sinnum í þvottavél.



Hvíta Bona rykmoppa er einnig gerð úr örtrefjum. Hún er gædd þeim eiginleikum að vera hlaðin stöðurafmagni svo hún bókstaflega dregur í sig ryk, gæludýrahár og önnur óhreinindi af gólfinu og skilur það eftir án allra yfirborðsóhreininda. Moppa er ávallt notuð þurr og er einfaldlega fest á festiplötuna á Bona moppustönginni og strokið létt yfir gólfíð. Nota má moppuna á allar gerðir gólfefna, s.s. viðargólf, plastparket, vinyldúkaflísar, náttúrustein osfrv.

Báðar moppurnar má þvo í þvottavél við 60°C og setja í þurrkara. Ekki má nota nein aukaefni eins og klór eða mýkingarefni þar sem það skemmir eiginleika moppunnar.